

Mál nr. 304/2017**M og
váttryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
váttryggingafélagið V- vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur bifreiða á hringtorgi á Dalvegi, við Sorpu, Kópavogi, 22.8.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið dags. 19.9.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 23.10.2017

Bréf V2, dags. 3.10.2017, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Árekstur varð á hringtorgi á Dalvegi, móts við Sorpu. A og B var ekið austur Dalveg með fyrirhugaða akstursstefnu áfram Dalveg til austurs. Árekstur varð skömmu eftir að bifreiðarnar voru komnar út úr hringtorginu. Ökumaður B kveðst hafa ekið inn á hringtorgið af hægri akrein og ekið sem leið lá í gegnum hringtorgið á ytri akrein. Ökumaðurinn segir að A hafi verið ekið á B þegar A var ekið af innri hring hringtorgsins og beint út á hægri akrein hringtorgsins. Ökumaður A kveðst hafa verið búinn að skipta um akrein eftir að hafa ekið út úr hringtorginu þegar B hafi verið ekið á A.

Í málskoti kemur fram að ökumaður A telur ljóst af ákomum á ökutækin að um aftanákeyrslu hafi verið að ræða. Einnig sé hakað í reit 8 á tjónaskýrslu, sem felur í sér að B hafi ekið aftan á A. Því beri ökumaður B alfarið ábyrgð á tjóninu. Í athugasemdum V2 kemur fram að tjónstilkynning sé nokkuð ónákvæm. Fram komi m.a. að B hafi skipt um akrein en af afstöðumynd á tilkynningunni megi hins vegar greina að það var A sem skipti um akrein rétt áður en árekstur varð. Þrátt fyrir þann rugling megi af öðrum gögnum málsins ráða að óumdeilt sé að áreksturinn hafi orðið með þeim hættu að A var á vinstri akrein á leið út úr hringtorginu og B samsíða henni á hægri akrein, einnig á leið út úr hringtorginu, þegar A hafi verið beygt til hægri af vinstri akrein yfir á þá hægri í sömu mund, eða rétt eftir að bifreiðunum var ekið út hringtorginu. Ökumaður B hafi gefið hljóðmerki með flautu bifreiðarinnar til að aðvara ökumann A en það hafi ekki dugað til og því hafi B lent á hægri afturhorni A. V2 telur að í ljósi þess stutta tíma sem leið frá akreinaskiptum þar til árekstur varð megi ætla að ökumaður A hafi farið inn í það bil sem ökumaður B hafði skapað sér, skv. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga, á þeirri akrein sem hann ók og A var ekið inn á. Áreksturinn verði því rakinn til akreinaskiptanna og þess að ökumaður A hafi brotið gegn 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Þá sé ekkert í gögnum sem bendi til þess að B hafi verið ekið ógætilega.

Álit.

Af gögnum málsins virtum verður ekki annað séð en að A hafi verið ekið í veg fyrir B um leið, eða mjög skömmu eftir, að ökutækin komu út úr hringtorginu og hafi því brotið gegn 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumaður bifreiðar A ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber alla sök.

Reykjavík, 28. nóvember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.